

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: HEF veitur ehf.
kt. 470605-1110

Starfsstöð: Skjöldólfstaðir, 701 Egilsstaðir

Leyfið gildir frá 26. september 2024 til 26. september 2036

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Seyrugryfju**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfiskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: HEF veitur, kt. 470605-1110

Starfsstöð: Skjöldófsstaðir, 701 Egilsstaðir

Leyfið gildir frá 26. september 2024 til 26. september 2036

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- Seyrugryfju**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 16. júlí 2024.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

Um er að ræða starfsleyfi fyrir seyrugryfju sem staðsett er í landi Skjöldófsstaðar á Jökuldal. Aðeins er um að ræða geymslustað fyrir seyru og er fyrirhugað að nýta seyru til skógræktar.

Aðeins þeir aðilar sem hafa gilt starfsleyfi til meðhöndlunar á seyru hafa heimild til að losa seyru í gryfjuna.

Krafa er um að umhverfis seyrugryfjuna sé fjárheld girðing og skal henni vel við haldið. Á svæðinu skal vera til staðar skilti sem gefur til kynna um hvaða starfsemi er að ræða.

Leyfishafi skal halda saman upplýsingum um magn seyru sem losað er í gryfjuna.

Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti um nýtingu seyrunnar.

Um starfsemina gilda m.a.

- Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.*
- Fylgiskjal 1. Starfsleyfiskilyrði vegna meðhöndlunar og jarðgerðar á lífrænum úrgangi þ.m.t. seyru.*

2. Starfsemi hætt

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðiseftirliti Austurlands skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fjarlægja skal seyru úr gryfju og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir starfsemina. Rekstraraðili ber að sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt.

3. Annað sem varðar starfsemina

3.1. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt. Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

26. september 2024
Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

26. september 2024

Efni: Greinargerð vegna starfsleyfis fyrir seyruugryfju Skjöldólfsstöðum

Umsókn um starfsleyfi fyrir seyruugryfju við Skjöldólfsstöðum, 781 Höfn, barst þann 16.7.2024. Umsækjandi var HEF veitur ehf., kt. 470605-1110.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Austurlands í umboði Heilbrigðisnefndar Austurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir skólphreinsistöðina. Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HAUST þann 15. ágúst sl. frestur til að skila inn athugasemdum rann því út 12. ágúst 2024.

Engar athugasemdir bárust á við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests og engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu. Starfsleyfi fyrir seyruugryfuna á Skjöldólfsstöðum var í kjölfarið útgefið þann 26. september 2024 með gildistíma í 12 ár.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi